

Sjúkdómatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. S09 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Sjúkdómatrygging greiðir bætur ef þú greinist með einhvern af þeim sjúkdómum sem tryggingin tekur til. 25 sjúkdómar eða tilfelli falla undir trygginguna og er þeim er skipt upp í fimm flokka. Ef bætur eru greiddar úr einum flokki fellur sá flokkur úr tryggingunni en hinir gilda áfram. Börn váttryggðs frá 3ja mánaða til 18 ára falla einnig undir trygginguna. Ýmist eru greiddar fullar bætur sem nema allri váttryggingarfjárhæðinni eða hlutabætur, sem jafngilda 25% váttryggingarfjárhæðarinnar. Fullar bætur vegna barna eru 50% af váttryggingarfjárhæð og hlutabætur barna eru 25% af þeim.



Hvað er tryggt?

FLOKKUR 1 – KRABBAMEIN

Tryggingin greiðir fullar bætur vegna:

- ✓ Krabbameins.
- ✓ Beinmergsflutnings.

Tryggingin greiðir hlutabætur vegna:

- ✓ Tiltekinna krabbameina af lægri gráðum

FLOKKUR 2 – HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMAR

Tryggingin greiðir fullar bætur vegna:

- ✓ Hjartaáfalls.
- ✓ Kransæðahjáveituaðgerðar.
- ✓ Hjartalokuaðgerðar.
- ✓ Skurðaðgerðar á ósæð.
- ✓ Heilablóðfalls sem sýnir einkenni eftir þrjá mánuði.
- ✓ Lokastigs nýrnasjúkdóms.
- ✓ Hjarta- og nýrnaígræðslu.

Tryggingin greiðir hlutabætur vegna:

- ✓ Heilablóðfalls ef einkenni hafa varað í einn mánuð.

FLOKKUR 3 – TAUGA- OG HRÖRNUNARSJÚKDÓMAR

Tryggingin greiðir bætur vegna

- ✓ Alvarlegra höfuðáverka.
- ✓ Góðkynja heilaæxlis.
- ✓ MS sjúkdóms.
- ✓ MND sjúkdóms.
- ✓ Alzheimerssjúkdóms fyrir 60 ára aldur.
- ✓ Lömunar tveggja útlíma.
- ✓ Dauðadás (Coma).
- ✓ Varanlegs málmissis.
- ✓ Óafturkræfs missis sjónar.



Hvað er ekki tryggt?

FLOKKUR 1 KRABBAMEIN

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Forstigs illkynja æxlis sem ekki er ífarandi. (Sjá þó hlutabætur).
- ✗ Beinmergsflutnings ef önnur lækning er möguleg.

Tryggingin greiðir ekki hlutabætur vegna:

- ✗ Annarra krabbameina af lægri gráðum en upptalin eru í skilmálum.

FLOKKUR 2 – HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMAR

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Hjartaáfalls innan 14 daga frá kransæðavíkkun.
- ✗ Kransæðavíkkunar.
- ✗ Klemmuviðgerðar á mítralloku í gegn um Æðapræðingu.
- ✗ Ósæðaaðgerðar í kjölfar slyss.
- ✗ Heilablóðfalls ef einkenni vara skemur en þrjá mánuði. (Sjá þó hlutabætur).
- ✗ Afturkræfrar nýrnabilunar.
- ✗ Hjarta- og nýrnaígræðslu ef önnur lækning er möguleg.

Tryggingin greiðir ekki hlutabætur vegna:

- ✗ Heilablóðfalla með vægari einkenni.

TAUGA- OG HRÖRNUNARSJÚKDÓMAR

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna

- ✗ Höfuðáverka vegna sjálfsskaða.
- ✗ Æxla í heiladingli.
- ✗ Óstaðfesta vísbendinga um MS.
- ✗ Heilkenni eftir mænusótt.
- ✗ Vitglapa vegna geðsjúkdóma.
- ✗ Lömunar eins útlíms.
- ✗ Meðvitundarleysis vegna sjálfsskaða.
- ✗ Málmissis vegna sálrænna kvilla.
- ✗ Sjónmissis sem mælist minni en 30/60. (Sjá þó hlutabætur)

TAUGA- OG HRÖRNUNARSJÚKÐÓMAR (frh.)

- ✓ Óafturkræfs og varanlegs heyrnaleysis.

Tryggingin greiðir hlutabætur vegna:

- ✓ Alvarlegrar sjónskerðingar þar sem sjónsvið Mælist 6/60 eða minna.

FLOKKUR 4 – SÉRTÆKIR ATBURÐIR

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Líffæraflutnings, t.d. ígræðslu lifrar, lungna handar eða fótár.
- ✓ Þriðja stigs bruna.
- ✓ Missis tveggja útlíma

Tryggingin greiðir hlutabætur vegna:

- ✓ Missis eins útlíms.

FLOKKUR 5 - SÝKINGAR

Tryggingin greiðir bætur vegna:

- ✓ Heilahimnubólgu af völdum bakteríu-sýkingar.
- ✓ Eyðniveirusmits af völdum blóðgjafar.
- ✓ Eyðniveirusmits vegna starfs á Íslandi, innan EES, í Sviss og Bretlandi.
- ✓ Eyðniveirusmits vegna árásar.

TAUGA- OG HRÖRNUNARSJÚKÐÓMAR (frh.)

- × Tímabundins heyrnaleysis.

Tryggingin greiðir ekki hlutabætur vegna:

- × Sjónskerðingar þar sem sjónsvið mælist meira en 6/60.

FLOKKUR 4 – SÉRTÆKIR ATBURÐIR

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- × Líffæraflutninga ef önnur lækning er möguleg.

- × Brunasára af völdum sjálfsskaða.

- × Útlímamissis vegna sjálfsskaða.

Tryggingin greiðir ekki hlutabætur vegna:

- × Missis eins útlíms af völdum sjálfsskaða.

FLOKKUR 5 - SÝKINGAR

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- × Heilahimnubólgu af öðrum völdum en bakt-eríusýkingu.
- × Eyðniveirusmits vegna eiturlýfjanotkunar.
- × Eyðniveirusmits í starfi utan þeirra landa sem tilgreind eru í dálkinum til vinstri.
- × Eyðniveirusmits vegna árásar utan Íslands.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Það er skilyrði að váttryggður lifi í a.m.k. þrjátíu daga frá því váttryggingaratburður var staðfestur.
- ! Tryggingin nær ekki til krabbameina og MS sjúkdóms sem greinast innan 30 daga frá því að tryggingin tók gildi.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum nema annað sé tekið fram um einstaka bótaþætti.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi við móttöku skriflegrar og fullbúinnar umsóknar frá þér að, því gefnu að hún verði samþykkt. Með skriflegri umsókn er líka átt við þegar sótt er um rafrænt.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift og gildir hún strax við móttöku.